

Velkomin í MH.

Stundatöflurnar ykkar eru tilbúnar og eru sýnilegar í Innu. Inna er aðgengileg frá heimasíðu skólans <https://www.mh.is/>. Til að komast inn í Innu þurfið þið rafræn skilríki eða íslykil. Aðstandendur ykkar komast líka inn á Innu með sínum rafrænu skilríkjum eða íslykli (þangað til þið verið 18 ára). Ef þið sjáið ekki stundatöfluna þá gæti verið að það ætti eftir að greiða skólagjöldin. Stundatöflur opnast daginn eftir að skólagjöld eru greidd.

Námstjórar skólans verða við, fyrir ykkur, ef þið þurfið að láta breyta einhverju í sambandi við stundatöflurnar ykkar eða hafið aðrar spurningar sem brenna á ykkur (t.d. varðandi það sem þið fenguð meti). Þið sækjið ekki um töflubreytingar í gegnum Innu. Námstjórararnir verða við á skrifstofunni milli 10 og 14 mánudaginn 2. janúar og einnig eftir kynningarfundinn miðvikudaginn 4. janúar. Ef þeir eru uppteknir þá er einnig hægt að ræða við áfangastjóra eða konrektor.

Nýnemakynning verður miðvikudaginn 4. janúar kl. 13:00 í stofu 11 (farið upp stigann af Matgarði og þið finnið stofuna austan megin í gamla húsinu), og þá fáið þið kynningu á því helsta sem þið þurfið að vita fyrir fyrsta skóladaginn í MH. Skólasetning verður kl. 9:00 fimmtudaginn 5. janúar og hefst kennsla í beinu framhaldi af henni. Ef þið eruð ekki með tíma í stundatöflunni á þessum tíma þá þurfið þið ekki að mæta fyrr en ykkar tími byrjar.

Þið, eldri nýnemar, sem eruð að koma úr öðrum framhalsskólum og hefja ná í MH hafið stöðuna **Innritaður** í Innu alla fyrstu önnina ykkar. Við viljum kynna ykkur fyrir MH og hvernig námið er skipulagt hjá okkur og setjum ykkur í áfanga sem heitir LÍFS1AB01. Þar verður farið í hvað skiptir máli fyrir ykkur í MH og ýmsar gagnlegar upplýsingar svo námið ykkar hér, fari sem best af stað. Þessi tími er í stundatöflunni ykkar eftir hádegi á föstudögum og kennarinn er Valgerður Bragadóttir.

Kveðja Helga Jóhannsdóttir , konrektor